

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 135/2014

2014/EES/71/22

frá 27. júní 2014

## um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 677/2011 frá 7. júlí 2011 um ítarlegar reglur um framkvæmd í tengslum við starfsemi neta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 691/2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XIII. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við á eftir lið 66wm (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 391/2013):

„66wm. **32011 R 0677**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 677/2011 frá 7. júlí 2011 um ítarlegar reglur um framkvæmd í tengslum við starfsemi neta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 691/2010 (Stjttíð. ESB L 185, 15.7.2011, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Hugtakið „netstjórnandi“ skal vísa til netstjórnandans, sem hefur verið tilnefndur fyrir bæði aðildarríki ESB og EFTA-ríkin, sem eiga aðild að EES.
- b) Þrátt fyrir ákvæði bókuar 1 við samninginn skal túlka hugtakið „aðildarríki“ þannig að það taki til EFTA-ríkjanna auk ríkja sem það tekur til samkvæmt reglugerðinni.
- c) Í stað orðanna „ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar eftir samráð við nefndina um samevrópskt loftrými, í samræmi við 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004, og“ í 3. mgr. 3. gr., komi, að því er varðar EFTA-ríkin, orðin „ákvörðunar fastanefndar EFTA-ríkjanna“ og í stað orðsins „Framkvæmdastjórnin“ komi orðin „Fastanefnd EFTA-ríkjanna“.
- d) Orðin „, fastanefndar EFTA-ríkjanna, Eftirlitsstofnunar EFTA“ bætist við á eftir orðinu „framkvæmdastjórnarinnar“ í 4. mgr. 4. gr.
- e) Orðin „, fastanefndar EFTA-ríkjanna, Eftirlitsstofnunar EFTA“ bætist við á eftir orðinu „framkvæmdastjórnarinnar“ í 5. mgr. 7. gr.
- f) Orðin „,og einn fulltrúi fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA“ bætist við á eftir orðinu „framkvæmdastjórnarinnar“ í stafl. b) í 3. mgr. 16. gr.
- g) Ákvæði stafl. a) í 2. mgr. 17. gr. gilda ekki að því er varðar EFTA-ríkin.
- h) Orðin „, einn fulltrúi frá því EFTA-ríki sem fer með formennsku í fastanefnd EFTA-ríkjanna“ bætist við á eftir orðinu „ráðinu“ í 2. mgr. 18. gr.
- i) Orðin „, fastanefndar EFTA-ríkjanna, Eftirlitsstofnunar EFTA“ bætist við á eftir orðunum „,til framkvæmdastjórnarinnar“ í 3. mgr. 20. gr.
- j) Orðin „Eftirlitsstofnun EFTA“ komi, að því er varðar EFTA-ríkin, í stað orðsins „Framkvæmdastjórnin“ í fyrsta málslið 21. gr.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 185, 15.7.2011, bls. 1.

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66xa (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 691/2010):  
„– **32011 R 0677**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 677/2011 frá 7. júlí 2011 (Stjtið. ESB L 185, 15.7.2011, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 677/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. júní 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*), eða gildistöku dag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 229/2013 frá 13. desember 2013 (²), hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. júní 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Gianluca Grippa***

formaður.

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(²) Stjtið. ESB L 154, 22.5.2014, bls. 28, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 29, 22.5.2014, bls. 27.